

# EM peningar Íslands

Eins og frægt er orðið um allan heim tók íslenska karlalandsliðið í fótbolta þátt í Evrópumótinu í fótbolta 2016 og fékk mikinn pening fyrir þátttöku sína.

Ísland lenti í öðru sæti í riðli sínum í undankeppni EM, tveimur stigum á eftir Tékklandi í því fyrsta. Liðið hóf keppni sína á EM með 1-1 jafntefli við sterkt lið Portúgala sem enduðu á því að verða krýndir Evrópumeistarar. Næst lá leið strákanna okkar til Marseille þar sem að þeir öttu kappi við Ungverja í leik sem fór 1-1. Í seinasta leik riðlakeppninnar sem fram fór í París unnu þeir Austurríki 2-1. Í 16 liða úrslitum keppti Ísland gegn Englandi í leik þar sem að Englendingum var spáð öruggum sigri. En öllum að óvörum vann Ísland Wayne Rooney og aðrar stjórnur í enska landsliðinu og voru Íslendingar því komnir í 8 liða úrslit Evrópumótsins í frumraun sinni. Í 8 liða úrslitum spilaði Ísland gegn stjórnun prýddu liði Frakka en þeir síðast nefndu unnu þann leik örugglega 5-2. Frakkland endaði svo á því að fá silfur og lenti í öðru sæti á mótinu í spennandi úrslitaleik gegn Portúgölum. Fjögur hundruð fimmtíu og þrjár milljónir af þeim pening sem Ísland fékk eftir þetta frábæra gengi voru gefnar knattspyrnufélögum um land allt. Mér finnst að félögin ættu að nota peningana í uppbyggingu unglingsstarfs í fótbolta til þess að gera fleiri landsliðsstjórnur sem að spila í helstu deildum Evrópu eins og þeim ensku, spænsku, þýsku, ítölsku og frönsku. Og auka jafnframt gengi íslensku karla og kvenna landsliðanna í fótbolta. Auk þessa penings fékk KSÍ meiri pening og finnst mér að sá peningur ætti að fara í stækkun Laugardalsvallar vegna mikillar eftirspurnar á leiki landsliðanna í fótbolta. Völlurinn ætti líka að vera lækkaður meira og hlaupabrautin tekin í burtu svo hægt sé að byggja stúku þar. En Laugardalsvöllur er að sjálfsögðu líka aðalvöllurinn fyrir frjálsar íþróttir á Íslandi og finnst mér að annar völlur ætti að vera byggður fyrir það til þess að hafa frjálsar íþróttir á einum velli og fótbolta á öðrum.

Ísland átti frábæru gengi að fagna á Evrópumóti karla í fótbolta og fyrir það fékk íslenska knattspyrnusambandið eða KSÍ mikið af pening. KSÍ skipti þeim hluta af peningunum til fótboltafélaga um land allt. Mér finnst að félögin ættu að nota peningana sem að þau fengu í unglingsstarf sitt til þess að gera íslenska fótbolta framtíð enn bjartari